

Nd.

58. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 42 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu sildar.

Flutningsm.: Ólafur Thors, Pétur Ottesen, Jóhann Þ. Jósefsson,
Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Fyrir „1. ágúst“ í 5. gr. laganna komi: 1. september.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn verksmiðjunnar skipa þrjú menn, og skulu þeir valdir eins og hér segir:

Útgerðarmenn þeir, er við verksmiðjuna skipta, tilnefna 4 fulltrúa, og sjómenn af þeim skipum, er leggja sild inn í verksmiðjuna, tilnefna 2 fulltrúa, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Af þessum 6 fulltrúum velur atvinnumálaráðherra síðan 3 menn til stjórnar verksmiðjunnar, 2 af fulltrúum útgerðarmanna og annan af fulltrúum þeim, er sjómenn hafa tilnefnt.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfs svið hans og laun.

Greinargerð.

Þessi greinargerð fylgdi frv. samhljóða þessu, er flutt var á síðasta þingi:

„Lög um stofnun sildarbræðslustöðva, er sett voru á Alþingi 1928, gerðu ráð fyrir, að rekstri stofnananna skyldi hagað eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setti. Reglugerð þessi mun ekki hafa verið út gefin, en fyrir Alþingi 1929 lagði ráðherrann „frv. til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu sildar“.

Frumvarp þetta var samþykkt á þinginu nær óbreytt í öllum höfuðatriðum, en þó ollu ýms ákvæði þess verulegum ágreiningi. Eitt meðal þeirra var ákvæðið um skipun stjórnarinnar. Hafði ráðherra lagt til, að stjórnin væri skipuð 3 mönnum. Skyldi einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn af stjórn sildareinkasölnunnar, og einn af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, og var það samþykkt.

Andmælendur þessa skipulags sýndu þá þegar fram á, hve ósanngjarnt það væri, að sildareigendur, sem þó mest ættu undir stjórn og rekstri verksmiðjunnar, fengju þar engu um ráðið. Og jafnframt var því spáð, og að því leiddar sterkar líkur, að ef þeir, sem hagsmunina áttu í veði, væru útilokaðir frá umráðunum, mundi mjög dregið úr tryggingunni fyrir því, að hæfir menn veldust til forstöðu verksmiðjunnar.

Verksmiðjan hefir nú verið reist og rekin eina vertið, og þótt engir reikningar hafi ennþá verið birtir, er þó hægt að fullyrða, að afkoman er með afbrigðum léleg. Stafar það að nokkru leyti af lágu verðlagi á sildarmjöli og sildarlýsi, en einkum þó af einstaklega seinheppilegri stjórn fyrirtækisins.

Það má nú að vísu vel játa, að reynslutíminn sé ekki langur. En hann er nægilega langur þeim mönnum, sem fyrirfram vissu og sögðu hvernig fara mundi, og nægilega dýr þeim, sem kostnaðinn bera. Flutningsmenn þessa frv. vilja því ekki bíða þess lengur, að þessi miklu hagsmunamál sjávarútvegs- manna verði færð til þess skipulags, sem bæði sanngirni og hagsýni segja fyrir um, og er því borin fram tillaga um, að yferráð verksmiðjunnar séu flutt yfir á hendur þeirra aðilja, sem mest eiga undir því, að reksturinn fari vel úr hendi, en þess þó gætt, að ríkið hafi nokkurn íhlutunarrétt sem eigandi verksmiðjunnar.

Þá hefir þótt nauðsynlegt, vegna hagsmuna bænda, og meinlitið fyrir afkomu verksmiðjunnar að miða við 1. september í stað 1. ágúst um pantanir á sildarmjöli frá verksmiðjunni.

Enda þótt flm. hefðu talið æskilegt að breyta fleiru í lögunum um rekstur sildarverksmiðju, hefir ekki þótt rétt að bera það fram að þessu sinni, en áherzla lögð á að lagfæra það, sem mestu varðar og helst þykir von um, að náðst geti samkomulag um“.